



Reykjavík 4. júlí 2025
SFS23030154

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Breyting á þjónustusamningi og framlagi til leikskólans Öskju

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, frá 3. apríl 2025. Erindið snéri að nokkrum þáttum í starfsemi Hjallastefnunnar en hér er eingöngu til afgreiðslu sá hluti erindisins sem snýr að fjölgun leikskólabarna. Óskað var eftir að fjölgun barna á leikskólaaldri úr 175 börnum í 185 í leikskólanum Öskju, samtals tíu barna fjölgun.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu fyrir sumarleyfi. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera viðauka við núgildandi þjónustusamning Hjallastefnunnar, dags. 28. febrúar 2025 sem kveði á um að heimilt verði að greiða framlag til Hjallastefnunnar ehf. vegna leikskólans Öskju vegna 185 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til sex ára í stað 175 barna, þar af 40 barna á aldrinum 12-18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025. Gerður er fyrirvari um að breyting á rekstrarleyfi verði samþykkt.

Núgildandi samningur við leikskólann kveður á um heimild til að greiða framlag með 175 börnum með lögheimili í Reykjavík.

Meðfylgjandi er umsögn FAS, dags. 20. júní 2025, vegna viðauka við núverandi samning sem nemur viðbótar fjármagni vegna tíu barna fjölgunar.

Fyrir liggja öll tilskilin gögn vegna breytingarinnar.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júlí 2025

Umsögn FAS, dags. 20. júní 2025

Drög að viðauka við þjónustusamning



Reykjavík



Reykjavík, 4. júlí 2025

Málsnúmer: SFS23030154

Minnisblað

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um viðauka við þjónustusamning skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar ehf. vegna leikskólans Öskju og aukið framlag

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, frá 3. apríl 2025. Erindið snéri að nokkrum þáttum í starfsemi Hjallastefnunnar en hér er eingöngu til afgreiðslu sá hluti erindisins sem snýr að fjölgun leikskólabarna. Óskað var eftir að fjölgun barna á leikskólaaldri úr 175 börnum í 185 í leikskólanum Öskju, samtals tíu barna fjölgun.

Hjallastefnan ehf. kt. 540599-2039, er með rekstrarleyfi vegna leikskólans Öskju að Skógarhlíð 6, í Reykjavík þar sem heimild er til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir 175 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 40 börn á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða. Óskað hefur verið eftir að rekstrarleyfinu verði breytt með þeim hætti að þar verði heimilt að vera með 185 börn.

Óskað er eftir að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði heimilað að gera viðauka við núgildandi þjónustusamning Hjallastefnunnar, dags. 28. febrúar 2025, sem kveði á um að heimilt verði að greiða framlag til Hjallastefnunnar ehf. vegna leikskólans Öskju vegna 185 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til sex ára í stað 175 barna, þar af 40 barna á aldrinum 12-18 mánaða. Breytingin taki gildi 1. ágúst 2025. Gerður er fyrirvari um að breyting á rekstrarleyfi verði samþykkt.

Á grundvelli þjónustusamnings, dags. 28. febrúar 2025, er heimilt að greiða framlag vegna 175 barna á Fyrir liggur umsókn Hjallastefnunnar um fjölgun barna á leikskólaaldri um 10 börn. Húsnæði leikskólans hefur verið skoðað af fulltrúum fagskrifstofu leikskóla og telst standast kröfur um lágmarks aðstöðu og rými vegna þeirrar fjölgunar sem óskað er eftir.

Fyrir liggja eftirtalin gögn:

1. Umsögn foreldraráðs
2. Tímabundið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi í Skógarhlíð 6, sem gildir til 30. júní 2027
3. Vottorð um lokaúttekt
4. Umsögn FAS, dags. 20. júní 2025

Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif



Reykjavík



Ef miðað er við 8 klukkustunda vistun er meðalkostnaður vegna tíu barna um 43 milljónir króna á ári.

Ekki er gert ráð fyrri þessum útgjöldum innan núverandi fjárheimilda Skóla- og frístundasviðs og því þarf viðauka við fjárheimildir ef skilyrta tillaga þegar kemur að breytingu á rekstrarleyfi er samþykkt.

Meðfylgjandi er umsögn fjármála og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 20. júní 2025 .





Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Efni: Tillaga um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Öskju

Reykjavík, 20. júní 2025

SFS23030154

UMSÖGN

Fyrir liggur tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Öskju sem rekin er af Hjallastefnunni. Lagt er til að rekstrarleyfi leikskólans verði breytt úr leyfi fyrir 175, í húsnæði leikskólans að Skógarhlíð 6, í 185 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Óskað er eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillöguna.

Tillagan er í samræmi við endurnýjaðan þjónustusamning einkarekinna leikskóla við Reykjavíkurborg. Húsnæðið uppfyllir kröfur fagskrifstofu leikskóla um aðstöðu og rými vegna þeirrar fjölgunar sem óskað er eftir.

Samkvæmt kostnaðarmati skóla- og frístundasviðs eru vænt fjárhagsleg áhrif tillögunnar kostnaðarauki upp á um 43 m.kr. á ári. Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemdir við það mat.

Kostnaðaraukinn rúmast ekki innan ramma skóla- og frístundasviðs að öðru óbreyttu nema gerðar verði tilfærslur sem takast á við viðbótarútgjöld.

Virðingarfyllt,

Halldóra Káradóttir
sviðstjóri
fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík



Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039, gerðu þann 28. febrúar 2025 með sér samning um framlag vegna reksturs leikskólans Öskju, vegna barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til 6 ára.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn.

2. gr.

Samkvæmt viðauka þessum er gerð sú breyting á samningnum að ákvæði 22.1 verður nú svohljóðandi:

„Fjöldi barna sem greitt er framlag vegna á aldrinum 12 mánaða til sex ára er að hámarki 175 börn og þarf af 40 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.“

3. gr.

Viðauki þessi tekur gildi 1. ágúst 2025.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá 28. febrúar 2025 og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins.

Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags. 28. febrúar 2025.

Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

4. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

